

# Spurningar og svör

## ? Hvað eru mannréttindi?

Mannréttindi eru siðferðislegur réttur sem hver einasti maður í heiminum á í ljósi þeirrar staðreyndar að hann er maður. Með því að krefjast mannréttinda okkar gerum við siðferðislega kröfu, yfirleitt til stjórnvalda, um að þau megi ekki gera eitthvað vegna þess að það stríði gegn friðhelgi okkar og mannhelgi. Enginn – enginn einstaklingur, engin stjórnvöld – getur nokkurn tíma svipt okkur mannréttindum okkar.

## ? Hver er uppruni þeirra?

Þau eru til komin vegna þess að við erum ekki aðeins lifandi verur heldur búum einnig yfir siðferðislegum og andlegum eiginleikum. Mannréttinda er þörf til að vernda og varðveita mennsku sérhvers einstaklings, til að tryggja að allir geti lifað með reisn og notið mannhelgi.

## ? Af hverju á að virða þau?

Fyrst og fremst vegna þess að við erum öll menn og þar af leiðandi siðferðislegar verur. Flestir einstaklingar reyna að bæta ráð sitt ef þeim er sýnt fram á að þeir sýni einhverjum vanvirðingu. Yfirleitt vill fólk ekki særa aðra. Auk þess fyrirvara sem eigin samviska eða annarra setur hafa nú verið sett lög í flestum löndum heims sem skuldbinda stjórnvöld til að virða grundvallarmannréttindi borgaranna, jafnvel þó að þau kunni að vera treg til að fara að þeim.

## ? Hverjir hafa mannréttindi?

Hver einasti maður. Glæpamenn, þjóðhöfðingjar, börn, karlar, konur, Afríkubúar, Ameríkanar, Evrópubúar, flóttamenn, atvinnulausir, þeir sem hafa vinnu, bankamenn, þeir sem vinna að mannúðarmálum, kennarar, dansarar, geimfarar ...

## ? Jafnvel glæpamenn og þjóðhöfðingjar?

Hver einasti maður. Glæpamenn og þjóðhöfðingjar eru líka menn. Styrkur mannréttinda liggur í þeirri staðreynd að þau líta á alla menn sem jafna að virðingu. Sumt fólk kann að hafa brotið á réttindum annarra eða það getur verið hættulegt samfélaginu og því kann að þurfa að takmarka réttindi þess að einhverju leyti til að vernda aðra, en aðeins innan vissra marka. Þessi takmörk eru skilgreind sem lágmarksskilyrði lífs með manngri reisn.

## ? Hverjir gæta mannréttinda?

Við þurfum öll að gera það. Landslög og alþjóðalög setja hömlur á það sem stjórnvöld geta gert þegnum sínum en ef enginn bendir þeim á að gjörðir þeirra stríði gegn alþjóðlegum reglum geta þau óhindrað haldið áfram að brjóta gegn þeim. Sem einstaklingar þurfum við ekki einungis að virða réttindi annarra í daglegu lífi heldur verðum við líka að fylgjast með stjórnvöldum og öðrum aðilum. Verndarkerfi mannréttinda eru til staðar fyrir okkur, við þurfum bara að nota þau.

## ? Hvernig get ég varið réttindi mín?

Reyndu að benda á að brotið hafi verið á þeim; þú verður að krefjast réttinda þinna. Segðu

þeim sem brýtur á þér að þú vitir að hann hafi ekki rétt til að fara svona með þig. Bentu honum á viðkomandi greinar í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna eða Mannréttindasáttmála Evrópu eða öðrum alþjóðasamningum. Ef löggjöf um þetta er í landinu skaltu líka vísa til hennar. Segðu öðrum frá þessu: segðu fjölmiðlum frá, skrifaðu þingmanni þínum og þjóðhöfðingja, láttu frjáls félagasamtök sem fjalla um mannréttindi vita. Leitaðu ráða hjá þeim. Talaðu við lögfræðing ef þú getur. Gættu þess að stjórnvöld viti til hvaða aðgerða þú ert að grípa. Komdu þeim í skilning um að þú ætlir ekki að gefast upp. Sýndu þeim hvar þú færð stuðning. Þegar þú hefur skoðað alla kosti, og ef allt annað hefur brugðist, gætir þú leitað til dómstóla.

### ? **Hvernig sný ég mér til Mannréttindadómstóls Evrópu?**

Í Mannréttindasáttmála Evrópu er lýst ferli einstaklingsbundinna kæra og einnig kæra sem ríki ber fram gegn öðru ríki. Þó eru ströng skilyrði fyrir því að mál geti jafnvel talist tæk til skoðunar. Til dæmis þarf að sýna fram á að kæran hafi þegar verið borin upp fyrir dómstólum landsins (allt upp í Hæstarétt!) áður en hægt er að fara með mál fyrir Mannréttindadómstólinn. Ef þú vilt reyna og telur að þú uppfyllir skilyrðin fyrir því að mál þitt verði tekið fyrir getur þú borið fram kæru á til þess gerðu eyðublaði (fáanlegt á skrifstofu dómstólsins). Þér er þó eindregið ráðlagt að leita eftir lagalegri ráðgjöf eða ráðgjöf frjálsra félagasamtaka sem starfa á þessu sviði til að vera viss um að kæran verði tekin til meðferðar. Áttaðu þig á því að ferlið getur verið langt og flókið áður en endanlegur dómur fæst!

### ? **Af hverjum get ég krafist réttinda minna?**

Næstum öll mannréttindi sem tilgreind eru í alþjóðasamningum byggjast á kröfum til stjórnvalda eða ráðamanna. Mannréttindi verja hagsmuni þína gagnvart ríkinu svo að þú átt að krefja ríkið eða fulltrúa þess um þau. Ef þér finnst t.d. vinnuveitandi þinn eða nágranni hafa brotið á rétti þínum getur þú ekki vísað beint til alþjóðlegrar löggjafar um mannréttindi nema um sé að ræða eitthvað sem stjórnvöld í landinu ættu að hafa gert til að hindra að vinnuveitandi þinn eða nágranni hagaði sér með þessum hætti.

### ? **Ber einhverjum skylda til að verja réttindi mín?**

Já. Réttur er merkingarlaus án tilsvareandi ábyrgðar eða skyldu af hálfu einhvers annars. Það er siðferðisleg skylda manna að sýna þér virðingu en stjórnvöldum ber ekki aðeins siðferðisleg skylda til þess heldur lagaleg vegna þess að þau hafa undirritað alþjóðlega samninga þess efnis.

### ? **Eru mannréttindabrot aðeins vandamál í löndum þar sem ekki er lýðræði?**

Ekkert land í heiminum er með fullkomlega hreinan skjöld í mannréttindamálum, jafnvel nú á dögum. Hugsanlega eru brot tíðari í sumum löndum en öðrum eða þau snerta herra hlutfall landsmanna þar, en hvert einasta brot er vandamál sem ekki hefði átt að koma upp og bregðast verður við því. Einstaklingur sem brotið er á í einhverju af hinum viðurkenndu lýðræðisríkjum sættir sig tæplega við þá staðreynd að almennt standi land hans sig „betur“ í mannréttindamálum en önnur lönd í heiminum!

### ? **Hafa orðið einhverjar framfarir – hefur mannréttindabrotum fækkað?**

Það hafa orðið miklar framfarir – jafnvel þó að það virðist stundum eins og dropi í hafið. Benda má á afnám þrælshalds, kosningarétt kvenna, löndin sem hafa bannað dauðarefsingu,

lausn samviskufanga vegna alþjóðlegs þrýstings, hrun aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku, og málin sem hafa farið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið í kjölfarið. Staðreyndin er sú að hægfara breytingar á alþjóðlegri menningu leiða til þess að jafnvel harðvítugustu einræðisstjórnir verða nú að virða mannréttindi ef þau vilja njóta viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Heilmikill árangur hefur náðst, einkum undanfarin 60 ár, en samt er enn langt í land.

## Umhugsunarefni

**? Hvernig getum við sagt að mannréttindi séu algild þegar brotið er á réttindum fólks um allan heim?**

Þetta fólk á samt sín réttindi. Meðferðin á því stríðir ekki aðeins gegn siðferðisreglum heldur einnig reglum sem viðurkenndar eru á alþjóðavísu. Ráðamenn í viðkomandi löndum eru sakhæfir að alþjóðalögum og sumum löndum er reyndar „refsað“ af alþjóðasamfélaginu, með viðskiptabönnum eða jafnvel með hervaldi. Slíkar aðgerðir eru þó oft gerræðislegar og fremur háðar hagsmunum þjóða en alvöru brotanna. Stofnun Alþjóðasakamáladómstólsins árið 2002 var mikilvægur áfangi í því að viðurkenna að eigi mannréttindi að gilda í reynd þá verður að vera hægt að knýja á um framfylgd þeirra. Dómstóllinn er fastur dómstóll í Haag sem sækir þá einstaklinga til saka sem ákærðir eru fyrir þjóðarmorð, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni.

**? Hvaða gagn er að Mannréttindayfirlýsingu SP ef ekki er hægt að framfylgja henni með lögum?**

Til viðbótar við þá möguleika sem einstaklingar og ríki hafa til málsmeðferðar Alþjóðadómstólsins á grundvelli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna hefur yfirlýsingin afar mikla sögulega þýðingu og enn þann dag í dag er tekið mið af henni þegar stjórnvöld eru dæmd á alþjóðavettvangi. Stjórnvöld nú á tímum vita að ef þau óvirða visvitandi þau réttindi sem yfirlýsingin kveður á um eiga þau á hættu að verða fordæmd alþjóðasamfélaginu og verða jafnvel beitt viðurlögum. Þetta ferli er ekki alltaf alveg hlutlaust (!) en það er sannarlega góð byrjun. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna liggur einnig til grundvallar nær öllum alþjóðasamningum sem hafa verið gerðir og eru í gildi (að meira eða minna leyti).

**? Hvað gagnast „mannréttindi“ mér þegar stjórnvöld brjóta daglega á réttindum fólks og skeyta engu um fordæmingu alþjóðasamfélagsins?**

Ítreka skal – þau eru góð byrjun; það er betra að hafa þau en alls ekki neitt og þannig verður, við réttar kringumstæður og með réttri aðferð, hægt að fá stjórnvöld til að breyta einhverjum, eða jafnvel öllum, háttum sínum. Stundum virðist þetta vera afar fjarlæg von, þegar brot stjórnvalda eru sérlega alvarleg eða óvenju tíð, en sagan hefur sýnt, aftur og aftur, að það er mögulegt. Nú á dögum eru möguleikarnir jafnvel meiri en þeir hafa verið fram að þessu. Það getur gengið hægt að koma á breytingum en sú staðreynd að einstaklingar eiga þessi réttindi og þau öðlast síaukna viðurkenningu um allan heim – og stjórnvöld taka að minnsta kosti eitt-hvert tillit til þeirra – gefur okkur öflugt vopn.

**? Ef ég virði mannréttindi annarra merkir það þá að ég leyfi þeim að gera allt sem þeim sýnist?**

Ekki ef það sem þeir vilja gera stríðir gegn réttindum þínum eða annarra. En þú verður að gæta þess að ganga ekki of langt í að halda fram réttindum þínum: þér finnst kannski hegðun einhvers vera pirrandi eða röng en þar með er ekki endilega gengið á réttindi þín. Ef þú vilt að aðrir leyfi þér að haga þér eins og þú vilt þarft þú því kannski að vera umburðarlyndari gagnvart hegðun annarra!

**?** **Má ég gera hvað sem er, einnig beita annan mann ofbeldi, til að verja mín eigin réttindi?**

Almennt séð er svarið nei. En ef örugglega er um sjálfsvörn að ræða, þá kann þér að vera heimilt að beita svipuðu afli og beitt var gegn þér. Ekki á að líta á slíkt sem „endurgjald“ fyrir ranglætið sem þú hefur mátt þola heldur aðeins leið til að verjast frekari skaða. Aldrei má beita misþyrmingum.

**?** **Hvers vegna á ég að virða réttindi annarra ef aðrir virða ekki réttindi mín?**

Sumpart vegna þess að ef þú virðir ekki réttindi annarra gætir þú komið þér í vandræði; sumpart vegna þess að aðrir eiga virðingu þína skilið, einfaldlega vegna þess að þeir eru menn, og sumpart vegna þess að þú getur gefið öðrum gott fordæmi og þá er líklegra að þeir virði þig. Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta þó undir þér sjálfum/sjálfri komið, hvernig þú vilt vera og hvernig heimi þú vilt búa í. Þú ættir því að hugleiða hvernig litið yrði á þig ef þú hag- aðrir þér eins og þú vilt ekki að aðrir hagi sér. Hugleiddu einnig hvernig heimurinn væri ef allir brytu á réttindum annarra með því að gjalda alltaf líku líkt.

**?** **Af hverju eiga þeir sem brjóta á réttindum annarra á svívirðilegan hátt sjálfir að njóta „mann“réttinda?**

Þetta er ef til vill það sem er erfiðast að sætta sig við í kenningunni um mannréttindi en jafnframt mikilvægasti þáttur hennar. Stundum virðist okkur að tilteknir einstaklingar séu svo gersneyddir mannlegum tilfinningum að aðeins blind trú geti fengið okkur til að líta á þá sem mennskar verur. Eftirfarandi atriði eru ef til vill mikilvægust:

- **Í fyrsta lagi**, þó að sumt fólk virðist ómannlegt er einhverja mennsku að finna í hverjum manni. Glæpamenn elska mæður sínar, börn, eiginmenn og eiginkonur – eða einhvern. Glæpamenn finna fyrir sársauka, höfnun og afbrýðisemi; þeir þróa viðurkenningu, stuðning, ást og skilning. Þeir búa allir, hver einasti, yfir einhverjum mannlegu tilfinningum. Það gerir þá mannlega og þess vegna eigum við að virða þá.
- **Í öðru lagi** er okkur ekki hollt að vilja endilega skaða glæpamenn á sama hátt og þeir hafa valdið öðrum skaða: slíkar tilfinningar vega að okkar eigin mannvirðingu.
- **Í þriðja lagi**, ef svo ólíklega vildi til að fram kæmi glæpamaður í „mannsmynd“ en án nokkurra mannlegra eiginleika (slíkt hefur ekki gerst enn), hver gæti haldið því fram með fullri vissu að hann væri ekki maður? Við hvað ætti að miða? Á að miða við það að maðurinn sé ófær um að elska eða vera elskaður? En hvað svo ef í ljós kemur að okkur hefur skjátlást?

Þetta vekur okkur til umhugsunar um þá hættu sem öllu mannkyni getur stafað af því ef einum hópi fólks er falið að dæma aðra þegar afleiðingarnar af þeim dómi eru hræðilegar og óafturkræfar. Viljum við í raun og veru lifa í heimi þar sem slíkir dómar eru felldir og þar sem sumt fólk er einfaldlega úrskurðað óhæft til að njóta mannréttinda og þar með ómennskt? Ef öll mannréttindi væru ekki fullkomlega algild væri þetta sá heimur sem við lifðum í.